



HAFNARFJÖRÐUR

Fundur Öldungaráðs 3. mars 2021 kl. 14:30

Mættir:

Valgerður Sigurðardóttir form, Gylfi Ingvarsson, Þórdís B. Kristinsdóttir, Guðlaug Steinsdóttir, Þórarinn Þórhallsson og Magnús Pálsson Sigurðsson.

Ritari: Herdís Hjörleifsdóttir, félagsráðgjafi

Fjarverandi: Elísabet Valgeirsdóttir.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar

- Fundargerð lesin og samþykkt.

2. Umsögn öldungaráðs

- Endurbætur á loftræstikerfi Hrafnistu Hraunvangi.
- Endurbætur á baðherbergjum Hrafnistu Hraunvangi.
- Endurnýjun á stofnlögnum neysluvatns Hrafnistu Hraunvangi.
- Endurnýjun á hurðum hjúkrunarrýma Hrafnistu Hraunvangi.
- Endurnýjun á frárennislögnum Hrafnistu Hraunvangi.

Öldungaráð fagnar því að endurbætur á loftræstikerfi, baðherbergjum, stofnlögnum neysluvatns, hurðum hjúkrunarrýma og frárennislögum sér gerðar á Hrafnistu. Öldungaráðið leggur áherslu á að þetta sér gert í samræmi um kröfur, lög og reglugerðir þar að lútandi.

3. Heilsueflandi samfélag.

- Skýrsla starfshóps heilbrigðisráðuneytisins lögð fram.
- Umræða um Janusarverkefnið fer fram og rætt um hvernig og hvort eldri borgarar haldi áfram að stunda líkamsrækt eftir að námskeiði lýkur. Öldungaráð boðar til fundar eftir tvær vikur. Öldungaráð óskar eftir upplýsingum frá fjölskylduráði um stöðu samninga á heilsueflandi verkefninu fyrir eldri borgara.

4. Styðjandi samfélag.

- Styðjandi samfélag fyrir einstaklinga með heilabilun og aðstandendur þeirra Hafnarfjarðarbær og Alzheimer samtökin vinna saman að innleiðingu á samfélagi sem er styðjandi og meðvitað um þarfir fólks með heilabilun og aðstandendum þeirra. Til að marka upphaf verkefnisins verður fundur í Bæjarbíói fimmtudaginn 11. mars kl. 13:00. Dagskrá lögð fram.

5. Hraunsel

- Tillaga að sumarlokun frá 19. júlí til og með 7. ágúst 2021. Öldungaráð er sammála tillögunni.



Önnur mál:

Næsti fundur 17. mars kl. 14:30.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:50